

LEIÐBEININGAR

um meðferð íslenzka fánans.

1. Hlutföll fána og stangar.

Þegar fánastöng er fest í jörðu á lengd hennar að vera fimin sinnum breidd fánans, en $2\frac{1}{2}$ sinnum, standi stöngin skáhalt út frá húsi.

2. Flagg tími.

Á tímabilinu frá 1. marz til 31. október má ekki draga fána að hún fyrr en kl. 8 árd. og frá 1. nóv. til febrúarloka ekki fyrr en kl. 9 árd. Fáninn má ekki vera uppi lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til kl. 8 síðd., nema flaggað sé á stað við útisamkomur, þá má láta fánann vera uppi meðan samkoman varir og hjart er, þó ekki lengur en til miðnættis.

3. Fáni í hálfu stöng.

Ef draga á fána í hálfu stöng, er hann fyrst dreginn að hún, en síðan felldur svo, að $\frac{1}{3}$ stangarinnar sé fyrir ofan efri jaðar fánans. Við jarðarfarir á að draga fánann að hún, þegar greftrun er lokið og skal hann blakta þar til kvölds, til virðingar við hinn látna.

4. Lögskipaðir fánadagar.

1. Fæðingardagur forseta Íslands.
2. Nýársdagur.
3. Föstudagurinn langi.
4. Páskadagur.
5. Sumardagurinn fyrsti.
6. 1. maí.
7. Hvítasunnudagur.
8. 17. júní.
9. 1. desember.
10. Jóladaður.

Alla ofangreinda daga skal draga fána að hún, nema föstudaginn langa, þá í hálfu stöng. Mælt er til þess, að almenningur dragi fána á stöng ofangreinda daga.

5. Meðferð fánans.

- a) Gæta skal þess jafnan, þegar fáni er dreginn að hún, eða felldur, að hann snerti ekki jörð. Einnig skal flagglína vera vel strekkt, svo að fánajaðar liggja ávallt við stöng.
- b) Aldrei má draga tvo fána á sömu stöng.
- c) Sé íslenzki fáninn á stöng meðal annarra fána, skal hann ætíð vera í miðju, eða lengst til hægri.
- d) Ef fáni er hengdur á vegg, skal hann liggja þar sléttur og minni reitirnir vera ofantil, eða lengst til vinstri, þegar horft er á hann.
- e) Sé fána stillt upp við ræðustól eða borð, á hann alltaf að vera hægra megin við ræðumann í stóli. Séu fánarnir tveir, þá sinn til hvorrar handar.
- f) Ef ræðustóll er sveipaður íslenzka fánanum, skal hann ávallt vera lóðréttur, þannig að minni reitir fánans séu að ofan, og gæta skal þess, að krossmark sé fyrir miðjum ræðustól.

- g) Þegar líkkista er sveipuð íslenzka fánanum, á krossmarkið alltaf að vera við höfðalagið.
- h) Þegar fáni er brotinn saman, skal hann brotinn í þrennt eftir endilöngu og síðan annað hvort brotinn í þríhyrning eða vafinn upp þannig, að eingöngu blái liturinn snúi út, og skal hann jafnan geymdur á vísun og öruggum stað.
6. Óheimilt er að draga fána á stöng, sem er upplitaður, óhreinn, trosnaður eða skemmdur að öðru leyti, og ber jafnan að lagfæra hann strax, að öðrum kosti skal hann ónýttur, með því að brenna hann. Lögreglan skal hafa eftirlit með því að ofangreindu sé framfylgt, og má gera slíka fána upptæka, séu þeir á almannaferi, utan eða innan húss.

Leiðbeiningar þessar eru settar samkvæmt lögum um þjóðfána Íslendinga, nr. 34 17. júní 1944.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. desember 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

29. október 1966.

Nr. 223.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.90 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.15 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 28.60 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 8.80 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 130 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 10.40 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m², sem tvö. Leiga af af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.